



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

10.12.2010

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (rafræn þjónustusala og eftirlit vegna áætlana), 208. mál.

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur sent Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og Samtökum verslunar og þjónustu ofangreint frumvarp til umsagnar. Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um virðisaukaskatt. Í frumvarpinu er í fyrsta lagi lögð til breyting á lögnum til að skilgreina hvað telst vera útflutningur á rafrænt afhentri þjónustu og teljist þar með ekki til skattskyldrar veltu. Í öðru lagi er í frumvarpinu lagt til að gerðar verði breytingar í þá átt að bæta skil og eftirlit með greiðslu virðisaukaskatts. Í þriðja lagi eru gerðar nokkrar breytingar á fjárhæðarmörkum og skilgreiningum og í fjórða lagi er lagt til að endurgreiðsla virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns verði felld niður. Þá er einnig lagt til að framlengd verði til ársloka 2011, heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða annars vegar og til byggjenda og eigenda húsnæðis hins vegar.

Í 4. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar sem eiga að tryggja að gagnavinnsla og upplýsingamiðlun teljist ekki til skattskyldrar veltu í skilningi laga um virðisaukaskatt. Í athugasemdum við þessa grein frumvarpsins kemur fram að verði ákvæðið að lögum muni tiltekin þjónusta gagnavera verða skilgreind sem rafræn þjónusta, sem verði undanþegin skattskyldri veltu. Hins vegar mun hýsing gagnavera, sem m.a. felur í sér samnýtingu á grunngerð og fjarskiptakerfum, teljast aðstöðuleiga sem beri virðisaukaskatt skv. almennum reglum.

Samtökin telja að í frumvarpinu sé ekki nógu langt gengið í að jafna rekstrarskilyrði gagnavera á Íslandi við það sem gerist í löndum Evrópusambandsins. Má sem dæmi nefna að niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið á umhverfi gagnavera í Danmörku og Bretlandi sýna að gera þurfi margþættar breytingar á lögum og reglum um virðisaukaskatt og tekjuskatt til að jafna samkeppnisstöðu gagnavera hérlendis við það sem gerist í þessum löndum. Þannig er ekki í frumvarpinu gert ráð fyrir endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna búnaðar sem viðskiptavinir gagnavera flytja til landsins vegna starfseminnar. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að velta gagnavera

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00
591 01 00
511 30 00

Bréfsími:
591 00 50
591 01 01
511 30 01

Netfang:
sa@sa.is
si@si.is
svth@svth.is

Veffang:
www.sa.is
www.si.is
www.svth.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



verði aðgreind í skattskylda veltu vegna aðstöðuleigu og veltu undanþegna skattskyldu vegna rafrænnar þjónusta. Þetta telja samtökin að feli í sér mismunun milli þjónustuveitenda og benda á að slík aðgreining verði í framkvæmd afar erfið.

Hvað varðar breytingar í þá átt að bæta skil og eftirlit með greiðslu virðisaukaskatts, er í 6. gr. frumvarpsins lagt til að gert verði að skilyrði fyrir innskattsfrádrætti að seljandi vöru og þjónustu sé skráður á virðisaukaskattsskrá á því tímabili þegar viðskipti eiga sér stað. Í greinargerð er þetta rökstutt með því að upp hafi komið mörg tilvik þar sem skattaðili hafi talið virðisaukaskatt til innskatts án þess að viðsemjandi hans hafi verið með opið virðisaukaskattsnúmer eða jafnvel aldrei skráður á virðisaukaskattsskrá. Dæmi séu um að þrátt fyrir þetta hafi slíkir aðilar gefið út reikninga með virðisaukaskatti og ekki staðið skil á honum í ríkissjóð. Í kostnaðarumsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis um frumvarpið kemur m.a. fram að dregið geti að einhverju leyti úr kostnaði við skatteftirlit og innheimtu verði frumvarpið óbreytt að lögum. Þá kemur jafnframt fram að ekki hafi verið gerð áætlun um hverju breytingarnar geti skilað en ef vel takist til með framkvæmdina megi ætla að tekjuaukning geti orðið umtalsverð og að ekki komi til aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

Af orðalagi greinarinnar og athugasemdum við hana virðist svo sem ætlunin sé að gera þá kröfu til skattaðila að þeir gangi úr skugga um það við færslu innskatts vegna einstakra viðskipta hvort viðsemjendur þeirra hafi verið á virðisaukaskattsskrá þegar viðskiptin áttu sér stað. Sé sá skilningur réttur eru samtökin alfarið á móti þessari tillögu. Óeðlilegt sé að yfirfæra eftirlit með þessum hætti yfir á skattaðila og að slíkt yrði mjög íþyngjandi fyrir allt atvinnulíf auk þess að hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir það.

Samtökin gera ekki að öðru leyti athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðjón Axel Guðjónsson

f.h. SVP - Samtaka verslunar og þjónustu

Andrés Magnússon

f.h. Samtaka iðnaðarins

Sigurður B. Halldórsson

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00
591 01 00
511 30 00

Bréfsími:
591 00 50
591 01 01
511 30 01

Netfang:
sa@sa.is
si@si.is
svth@svth.is

Veffang:
www.sa.is
www.si.is
www.svth.is